

67. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 5.9.2016

Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir

Fundur settur kl.15:30 í Kirkjubæjarstofu

Dagskrá fundar:

1. Uppskeruhátíð

Skipulag hátíðarinnar rædd og sett upp drög að dagskrá helgarinnar. Umræða um hvernig hægt er að tengja þema hátíðarinnar " Ungt fólk í sveit" við hátíðina. Þuríður tekur að sér að semja auglýsingu í vitan þar sem óskað verður eftir hugmyndum að söfnunarmálefni og þátttakendum. Sólveig og Ingólfur taka að sér að hafa samband við tónlistarfólk sem hugsanlega gæti haft áhuga á að taka þátt í hátíðinni en enn er verið að bíða eftir nokkrum svörum. Þuríður ætlar að senda póst á þau fyrirtæki sem tekið hafa þátt í Pálínuboðinu og athuga með áhuga á að endurtaka það. Ákveðið að halda samkeppni um flottasta heyrúllu listaverkið.

Ekki meira rætt að sinni.

Fundi slitið kl.17:00